



# Áskoranir í þjónustu við aldraða

● Þjóðin er að eldast ● Kallar á nýjar lausnir við umönnun

Hörður Vilberg  
hordur@mbl.is

„Fækkun rýma er eðlileg þróun miðað við framboð og eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum,“ segir María Fjóla Harðardóttir, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Í síðustu viku voru upp-



María Fjóla Harðardóttir

sagnir starfsfólks á Grundarheimilum kynntar og á meðal skýringa var fækkun heimilisfólks þrátt fyrir að eftirspurn eftir þjónustu fari vaxandi. Það skýrist einkum af breytingum á húsnæði þar sem

fólk vill síður deila herbergi með einhverjum sem það þekkir ekki.

Þjóðin eldist hratt og nauðsynlegt þykir að fjárfesta í nýjum öldrunarheimilum fyrir á annan tug milljarða á næstu 15 árum. María Fjóla segir að vilji sé til að styðja fólk til þess að búa lengur heima þegar ævkvöldið færist yfir. „Það er að mínu mati rétt skref að fólk búi lengur í sjálfstæðri búsetu en nægilegur stuðningur þarf þá að vera fyrir hendi.“

## Breyttar áherslur

Breyting hefur orðið á áherslum í öldrunarþjónustu á síðustu árum, til að mynda á Hrafnistuheimilunum þar sem María Fjóla er forstjóri. „Við erum ekki með nein dvalarrými lengur á Hrafnistu. Dagdvöl hefur leyst þau af hólmi fyrir hressari einstaklinga sem þurfa minni aðstoð en þeir sem búa í hjúkrunarrými.“ Kostnaður við dvalarrými er um helmingur af því sem hjúkrunarrými kostar.

## Þörf á aðgerðum

Formaðurinn brýnir stjórnvöld til aðgerða til að bregðast við hraðari öldrun þjóðarinnar, sem er þó enn ung í alþjóðlegum samanburði. „Við megum ekki dvelja of lengi við að



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

**Öldrun Þjóðin er að eldast og það kallar á nýjar áskoranir fyrir heilbrigðiskerfið. Áhersla er lögð á að fólk geti búið lengur heima en áður.**

taka ákvörðun, og það þarf að fara í margþættar aðgerðir, samanber það sem heilbrigðisráðherra hefur lagt áherslu á. Við þurfum að styðja við fólk sem er heima, ekki einungis með heimahjúkrun heldur einnig með alls kyns endurhæfingu þar sem fólk fær þjónustu og eftirlit en fer aftur heim á kvöldin. Það hefur verið fjölgað í sólarhringsendurhæfingu og dagdvöl, sem er frábært. En það er ljóst að það þarf að fjölga hjúkrunarrýmum sem fyrst til að hafa undan þannig að einstaklingur þurfi ekki að dvelja lengur á bráðasjúkrahúsi en hann þarf og komist í rétt úrræði á réttum stað þegar hann hefur lokið meðferð. Það er hvorki gott fyrir einstaklinginn sjálfan, heilbrigðiskerfið í heild sinni né fyrir lýðheilsu okkar allra.“

## Skortur á starfsfólki

Verkefnið er skýrt að mati Maríu Fjólu. „Áskorunin sem blasir við er að við þurfum að fjárfesta og vera opin fyrir nýjungum, vegna þess að þó svo að við byggjum fjölda nýrra hjúkrunarrýma þurfum við að hafa

fólk til að sinna umönnun. Við erum komin af stað við að tæknivæða hjúkrunarheimilin og notum í auknum mæli myndavélakerfi og alls kyns tækni til að hjálpa okkur að tryggja öryggi fólks. Við getum ekki haft augun á öllum einstaklingum allan sólarhringinn. Það er ekki hægt. Ég hvet stjórnvöld til þess að halda áfram að byggja upp velferðarþjónustu fyrir aldraða til að tryggja fólk þá þjónustu sem það á svo sannarlega skilið. Tryggja þarf að nægt fé sé fyrir hendi bæði í rekstur og til byggingar nýrra hjúkrunarheimila.“

Hún segir að innleiða þurfi nýjungar innan heilbrigðisþjónustunnar ásamt því að styðja við fólk sem vill búa heima. „Við megum ekki spara aurinn og kasta krónunni, það kemur í bakið á okkur seinna.“ Hún segir að skortur sé á fagfólki í heilbrigðisþjónustu, sem og öðru starfsfólki. „Við þurfum að hugsa út fyrir kassann og gæta þess að heilbrigðisstofnanir geti mannað heimili sín með fagfólki, en til þess þurfa allir að fara vel með þau gæði sem felast í heilbrigðismentun og góðu starfsfólki.“